

Ræða — Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2026, Reykjanesbær

Kæru íbúar Reykjanesbæjar,

Gleðilega þjóðhátíð.

Þann 17. júní 1944 vaknaði þjóðin til regns á Þingvöllum. Dagarnir á undan höfðu verið blautir og kaldir og spáð var áframhaldandi rigningu. En þennan morgun opnaðist himininn. Sólin skein yfir Öxará og yfir þjóð sem hafði beðið og barist lengi en stóð loks á eigin fótum.

Þingvellir voru ekki valdir af tilviljun. Þar var Alþingi stofnað árið 930. Þar geymir landið sögu átaka og sátta, ákvarðana og ábyrgðar. Þar er Ísland líka bókstaflega á mörkum tveggja heimsálfa, þar sem jarðskorpuflekarnir ganga í sundur undir fótum okkar og Ameríka og Evrópa bæði mætast og fjarlægjast í senn. Þessi flekaskil byrja ekki á Þingvöllum. Þau byrja út á Reykjanestá, þar sem þau ganga á land. Þannig tengist saga þjóðarinnar og saga jarðarinnar okkur hér á Reykjanesi með alveg sérstökum hætti.

Við búum á stað þar sem kraftar náttúrunnar eru sýnilegir á hverjum degi. Við þekkjum hafið, vindinn, hraunið og jarðhitann. Við þekkjum fegurðina í stillunni við Stakksfjörðinn, í mosanum á hrauninu og í víðáttunni sem einkennir Suðurnesin. Undanfarin ár höfum við líka fundið að náttúran er ekki aðeins falleg. Hún er lifandi, óútreiknanleg og stundum grimm. Eldgos, jarðhræringar og óvissa hafa minnt okkur á að við búum í landi sem andar og hreyfist og mótar okkur á hverjum degi.

Í þeim aðstæðum hefur samfélagið okkar sýnt styrk, æðruleysi og samstöðu. Fólk hefur stutt hvert annað, lagt sitt af mörkum og staðið vaktina þegar mest hefur reynt á. Það er samfélag sem við getum verið stolt af.

Það er því óhætt að segja að mesti krafturinn sé ekki í náttúrunni. Hann er í fólkinu sjálfu.

Reykjanesbær er ungur bær í gömlu landi. Hér mætast saga og framtíð. Hér hefur fólk alltaf komið víða að til að vinna og tilheyra.

Foreldrar mínir eru gott dæmi um það. Þau kynntust í Sandgerði, mamma komin úr Dalasýslu og pabbi frá Dalvík. Þau komu hingað suður til að vinna, eins og svo margir aðrir. Móðir mín sagði mér oft að það hefðu verið Suðurnesin sem héldu lífi í landsbyggðinni á þessum árum. Fólk kom hingað, vann fyrir sér og skapaði sér framtíð.

Í dag hefur mynstrið breyst en kjarninn er sá sami. Fólk kemur enn hingað með vonir og kraft, sumt frá öðrum landshlutum, annað frá öðrum löndum og velur að byggja líf sitt hér. Öll hafa þau átt þátt í að móta þann bæ sem við höldum hátíð í dag. Það minnir okkur á einfalda en dýrmæta staðreynd, að samfélagið okkar hefur alltaf verið byggt upp af fólki sem kom hingað í leit að tækifærum.

Kannski birtist samstaðan í dag með öðrum hætti en árið 1944. Ekki í sjálfstæðisbaráttu þjóðar, heldur í því hvernig við tökum á móti hvert öðru, stöndum saman í erfiðleikum og byggjum samfélag þar sem allir fá tækifæri til að tilheyra.

Við sáum það skýrt eftir rýminguna í Grindavík. Nýlegar æskulýðsrannsóknir sýna svart á hvítu að ungmennum úr Grindavík, sem fluttu til sveitarfélaga á Suðurnesjum, líður mun betur en þeim sem fluttu lengra í burtu. Það segir okkur hvað nærsamfélagið, umhyggja og opinn faðmur skipta miklu máli.

Þess vegna þurfum við að halda áfram að hlúa hvert að öðru. Sýna umhyggju í daglegu lífi, rétta hjálparhönd og muna að það eru oft litlu hlutirnir sem skipta

mestu. Þannig byggjum við upp traust og samheldni og þannig stöndum við líka vörð um þau gildi sem halda okkur saman: lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

Þjóðhátíðardagurinn er fyrst og fremst dagur gleði. Dagur til að draga fánann að húni, hlusta á lúðrasveitina og leyfa okkur að finna fyrir stolti yfir þjóðinni og bænum okkar.

En hann er líka dagur þakklætis. Þakklætis til þeirra sem ruddu brautina. Til þeirra sem héldu í vonina þegar framtíðin var óviss. Til þeirra sem byggðu upp landið og alls þess sem við njótum í dag.

Um leið er hann áminning um að við erum aðeins tímabundnir varðveislumenn. Við tókum við þessu landi frá kynslóðunum á undan okkur og einn daginn afhendum við það áfram. Spurningin er ekki aðeins hvaða Ísland við erfðum, heldur hvaða Ísland við skiljum eftir.

Kæru íbúar,

Við búum á einstökum stað, í jarðvangi. Hér hreyfist jörðin undir fótum okkar og minnir okkur á kraft náttúrunnar. Hér mætast haf, hraun, saga og framtíð.

Höldum áfram að byggja gott samfélag fyrir komandi kynslóðir. Njótum dagsins saman, með stolti og gleði í hjarta.

Til hamingju með daginn.